



Borgarstjórn Reykjavíkur
3. mars 2026

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjármögnun samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og endurskoðun ákvæða hans

Borgarstjórn samþykkir að hefja viðræður við forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, innviðaráðherra og bæjarstjóra nágrannasveitarfélaga um stöðu fjármögnunar samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og endurskoðun ákvæða hans. Markmið viðræðnanna verði eftirfarandi: A) Fá skýr svör varðandi fjármögnun ríkisins á verkefnum samgöngusáttmálans, hvort og þá hvernig ríkið hyggst innheimta flýti- og umferðargjöld og hvort aðrir fjármögnunarkostir verði jafnframt skoðaðir. B) Breyta forgangs röðun verkefna innan Reykjavíkurborgar svo sáttmálinn nái því meginmarkmiði að tryggja greiðar, skilvirkar, hagkvæmar og öruggar samgöngur. Leitast verði við að hraða gatnamótum við Bústaðaveg, Miklubrautargöngum og snjóllum ljósastýringum. C) Samkomulagi verði náð um uppbyggingu hágæða almenningssamgöngukerfis sem ekki þrengir að almennri umferð. Hagkvæmni verði höfð að leiðarljósi. Borgarstjórn samþykkir jafnframt að virkja endurskoðunarákvæði 1. mgr. 7. gr. samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins frá 26. september 2019, sem síðar var uppfærður 21. ágúst 2024, ef þurfa þykir, svo hefja megi ofanritaðar viðræður.

